



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSÓKN AL GORE

Al Gore, handhafi Friðarverðlauna Nóbels og fyrrum varaforseti Bandaríkjanna, hefur þegið boð forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar um að koma í heimsókn til Íslands dagana 7.-8. apríl næstkomandi.

Meðal þátta í dagskrá heimsóknarinnar verða kynningarfundir með íslenskum vísindamönnum og sérfræðingum, einkum á sviði orkunýtingar og jöklarannsókna. Þá mun Al Gore flytja fyrirlestur á fundi sem opinn verður almenningi og fjalla þar um loftslagsbreytingar, baráttuna gegn þeim og svara fyrirspurnum. Fundurinn er haldinn í samstarfi við Glitni.

Nánar verður tilkynnt um dagskrá heimsóknarinnar eftir páska.

17. mars 2008

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),
Örnólfur Thorsson (896 3028) og Árni Sigurjónsson (820 4946).*